

**Ed. 393. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátæigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við orðin „eða handveði“ í 4. gr. laganna komi: eða sjálfsvörzluveði í afla fiskiskips, sem sett er samkv. l. nr. 46 31. maí 1927.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skulu lán úr Skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. b-lið 83. gr. skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

3. gr.

Orðin „í fasteign eða skipi“ í 1. lið 22. gr. laganna falli niður.

2. og 4. liður greinarinnar falli niður.

3. liður greinarinnar verði 2. liður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Það var tilætlun laganna um Skuldaskilasjóð vélbátæigenda, að skuldaskilin snertu eigi fiskveð samkv. l. nr. 46 31. maí 1927, enda fram tekið við umræðurnar á Alþingi. En nú þykja ákvæði laganna í þessu efni ófullnægjandi, og hafa því með frumvarpi þessu verið gerðar þær breytingar á lögunum, sem nauðsynlegar þykja til þess að tryggja fiskveðin.